

AUGLÝSING

um umferð á Dalvík.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Dalvíkurhrepps, hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Dalvík samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958:

1. Hámarkshraði ökutækja er 35 km á klst.
2. Karlsbraut og Hafnarbraut eru aðalbrautir.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar á Karlsbraut.

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu, 14. janúar 1967.

Friðjón Skarphéðinsson.

21. febrúar 1967.

Nr. 28.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsing ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

35. Nefnd Verkalýðsfélagsins Bárunnar, Eyrarbakka. Staðfest 1. febrúar 1967.
36. Nefnd Verkalýðsfélags Patreksfjarðar. Staðfest 20. febrúar 1967.

Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

24. febrúar 1967.

Nr. 29.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958:

1. Rofabæ verði lokað við Rauðavatn.
2. Einstefnuakstur verði á Rofabæ til vesturs frá Árbæ að Vesturlandsvegi.
3. Stöðvunarskylda verði á Rofabæ við Vesturlandsveg.
4. Höfðabakki og Bæjarháls verði aðalbrautir, þó þannig, að umferð um Höfðabakka víki fyrir umferð um Vesturlandsveg.
5. Hámarkshraði á Höfðabakka og Bæjarhálsi verði 60 km á klst.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 24. febrúar 1967.

Sigurjón Sigurðsson.